

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
15. mars 2011 8.12.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. mars 2011  
Tilvísun: UST20110200030/abg

## Efni: Fyrirhugað 3000 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum á vegum Arnarlax ehf. í Arnarfirði

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 1.febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000. Umhverfisstofnun vísar einnig í erindi Skipulagsstofnunar dags. 21.apríl 2010 þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar á ofangreindu erindi en þann 11.maí 2010 tilkynnti Skipulagsstofnun Umhverfisstofnun í tölvupósti að ákvörðun stofnunarinnar vegna matskyldu framkvæmdarinnar myndi tefjast þar til niðurstöður frekari rannsókna í Arnarfirði lægju fyrir. Með erindi Skipulagsstofnunar dags. 1.febrúar sl. bárust greinargerðir um botndýrarrannsóknir og aukamælingar á straumi og súrefni í Arnarfirði. Frekari gögn bárust svo Umhverfisstofnun dags. 22.febrúar sl.

### Lýsing framkvæmdar

Fyrirtækið Arnarlax ehf. vinnur að því að fá leyfi til 3000 tonna laxeldis á þremur svæðum í Arnarfirði. Stefnt er að því að hráefni sem framleitt verður í firðinum fari til slátrunar og vinnslu á Bildudal. Jafnframt verði seiði framleidd í næsta nágrenni. Í greinargerð kemur fram að þegar tilsett leyfi hafa verið fengin verður byrjað á umhverfismælingum sem verði skipulagðar og stjórnað af norska félaginu Helgeland havbrúksstasjon og val mælinga og rannsóknarstaða verði í samráði við yfirvöld og hagsmunaaðila. Fram kemur í greinargerð að þess verði gætt að öll íslensk lög og reglugerðir verði uppfylltar. Ef jákvæðar niðurstöður fást í umhverfismælingum þá verður farið út í tilraunaeldi en stefnt er að því að hefja það sumarið 2011. Eftir að tilraunaeldi hafi staðið yfir í eitt ár þá er gert ráð fyrir að undirbúningur að uppbyggingu eldisins hefjist. Gert er ráð fyrir sjósetningu fyrstu eldisstöðvarinnar verði vorið 2013 og að þá muni hinn eiginlegi rekstur hefjast. Áætlað er að fyrsta kynslóð seiða verði um 500 þúsund talsins. Í annarri og þriðju kynslóð er gert ráð fyrir að setja út 750 þúsund seiði hvort árið.

Áætlað er að staðsetja kvíarnar á eftirfarandi svæðum; í Fossfirði, við Haganes og utan við Baulhúsadal á Hlaðsbót.

Framleiðsla verður byggð upp á kynslóðaskiptu módeli og er hver árgangur af seiðum settur út að stærstum hluta út um vorið. Þegar rekstur er kominn í fullan gang verður fiskur yfirleitt á tveimur stöðum og eitt svæði er í hvíld. Svæði fá því a.m.k. hálfis árs fullan hvíldartíma þriðja

hvert ár og minna álag er á svæðin í u.þ.b. sex mánuði fyrir og eftir fulla hvíld vegna lítills lífsmassa af laxi í kvíum. Fram kemur að hámarks lífmassi í stöðvunum verði rúm 3000 tonn þegar reksturinn verði kominn á fullt.

### **Aðstæður í Arnarfirði**

Arnarfjörður er einn af syðri fjörðum Vestfjarða og liggur norðan við Patreksfjörð og Tálknafjörð. Hann er rúmlega 40 km langur og skerst inn í landið í suðaustlæga stefnu. Innan við miðjan fjörð, við Langanes, greinist hann í tvennt. Norðan megin er Borgarfjörður en að sunnan liggja Suðurfirðirnir fimm talsins: Geirþjófsfjörður, Trostansfjörður, Reykjafjörður, Fossfjörður og Bíldudalsvogur. Arnarfjörður hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskra fjarða en hann er dæmigerður þröskuldsfjörður. Fyrir mynni fjarðarins er þröskuldur eða grunn þar sem sjávardýpi er einungis um 40 metrar en skammt þar fyrir innan er dýpið meira en 100 metrar. Einnig liggja fjórir hryggir 20 til 40 metra háir þvert yfir fjörðinn. Dýpið innan við hryggina mælist allsstaðar meira en 100 metrar.

### **Straummælingar**

Árið 2001 voru gerðar mælingar á straumum, hita og seltu í Arnarfirði frá 15.júlí til 15.september. Lagnirnar við Langanes og fram undan Otradal voru báðar á 80 metra botndýpi og hvor um sig með tvo straummæla, annan á 10 og hinn á 60 metra dýpi. Þriðja lögnin sem var í mynni Reykjafjarðar var á 15 metra botndýpi og mælirinn á 7 metra dýpi. Engar mælingar voru gerðar við botn. Straumurinn við Langanes var 3,3 cm/sek á 60 metra dýpi. Mestur straumur mældist 26,7 cm/sek en 76% tímans er hraðinn undir 5 cm/sek. Aðeins 2% tímans er straumur á bilinu 10-20 cm/sek. Á 60 metra dýpi fram undan Otradal var meðalstraumhraði 3,6 cm/sek. 72% af tímanum var straumhraðinn undir 5 cm/sek. Í mynni Reykjafjarðar var mælt á u.þ.b. sama dýpi og þröskuldurinn í mynni fjarðarins. Meðalstraumhraði þar mældist 3 cm/sek og mesti straumur um 22,9 cm/sek.

Arnarlax ehf. óskaði eftir að Náttúrustofa Vestfjarða gerði straum- og súrefnismælingar á fyrirhuguðu fiskeldissvæði í Arnarfirði. Mæling var gerð út af Baulhúsum. Straummælir var hafður á u.þ.b. 10 metra dýpi og var botndýpi 85 metrar. Meðaltalsstraumur yfir tímabilið var 10,5 cm/sek og mesti mældi straumur var 38 cm/sek.

### **Súrefnismettun**

Í greinargerð frá Náttúrustofu Vestfjarða segir að súrefnismælingar hafi verið gerðar á fjórum stöðum í Arnarfirði. Þær staðsetningar sem næst eru fyrirhuguðum fiskeldissvæðum eru við Baulhús og við Bíldudalsvog. Í greinargerðarinni kemur fram að súrefnismettun hafi verið jöfn frá botni og að 5-10 metrum undir yfirborði sjávar. Hún hafi verið um 85% frá Baulhúsum og að svæði út af Bíldudalsvogi. Í ágúst 2010 hafi sjórinn verið lagsskiptur og mettn mælist um og yfir 100% í efri lögum en 65-72% við botn.

### **Botndýralíf**

Eins og fram kemur í greinargerð um fiskeldi Arnarlax þá er Arnarfjörður djúpur og straumhraði að jafnaði rúmir 3 cm/s. Í skýrslu um tilkynningu framkvæmdarinnar eru taldar líkur á staðbundnum áhrifum á botndýralíf undir kvíum vegna lífrænna leifa, en að þau verði ekki mjög mikil og jafnframt afturkræf þar sem svæðin verði hvíld eins og ráðgert er í eldisáætlun Arnarlax.

Íslenska kalkþörungafélagið lét gera úttekt á botndýralífi í Arnarfirði. Þrjú svæði í Arnarfirði voru valin til sýnatöku, út af Langanesi, Otradal og í Reykjarfirði. Niðurstöður leiddu í ljós að tegunda- og hópasamsetning fylgir gerð undirlags annars vegar og botndýpis hins vegar. Á föstum botni grynna eru lindýr áberandi, á föstum botni og dýpra á lausari botni eru krabbadýr áberandi, aðallega marflær. Þegar leirbotn verður meira ríkjandi eykst hlutfall

burstaorma. Fjöldi skrápdyra í kalkpörungabreiðum vekur athygli. Þar er um að ræða einstaka krossfisk, ígulker og sérstaklega slöngustjörnur. Fjöldi vistgerða er mikill og má búast við að þetta mynstur endurtaki sig um allan innanverðan Arnarfjörð. Í rannsóknunum sem gerðar voru fyrir kalkpörungafélagið eru sýnatökustöðvar á tiltölulega litlu dýpi en fyrirhuguð staðsetning sjöeldis Arnarlax verður á meira dýpi. Það er aðeins ysta stöðin utan við Otradal sem er á rúmlega 90 metra dýpi sem getur hugmynd um botngerðina undir kvíunum. Þar var mjúkur leðjubotn með nokkrum gerðum af burstaormum og samlokum.

Arnarlax óskaði eftir því að Náttúrustofa Vestfjarða kannaði botndýralíf á þremur svæðum í Arnarfirði. Botnsýni voru tekin á 11 stöðvum og þrjú sýni voru tekin á hverri stöð. Mjúkur og finn leðjubotn var á hverri stöð. Burstaormar eru algengasti hópurinn sem finnst á mjúkum botni og á dýpi þar sem öludáhrifa gættir ekki og er Arnarfjörðurinn engin undantekning frá því. Botngerð var svipuð á milli stöðva og milli svæða og einnig var tegundasamsetning svipuð. Burstaormur af tegundinni *Prinospio cf fallax* var afgerandi algengastur sem skýrir m.a. lágan fjölbreytileika. Ættkvíslin *Prinospio* var einnig algeng í botndýraathugunum í Dynjandisvogi, Geirþjófsfirði og Fossfirði í janúar 2010.

Fram kemur í greinargerð Náttúrustofu Vestfjarða að þegar fiskeldi hefst þá megi vænta að tegundasamsetning botndýra breytist fjótlega þó að fjölbreytnin minnki ekki. Síðar þá verði tækifæristegundir ofan á þegar uppsöfnun lífrænna leifa nær ákveðnu marki og fjölbreytnin minnkar samhliða. Ef ekkert er að gert þá endar með því að aðeins fáir eða engir einstaklingar lifa í botnsetinu undir kvíunum. Umhverfisstofnun tekur undir með Náttúrustofu Vestfjarða um mikilvægi þess að hvíla svæðin áður en þetta gerist. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fylgst verði með botnunum undir kvíunum með sýnatöku og myndatökum til að mæla uppsöfnun og dreifingu mengandi efna frá eldinu.

Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði mátt nánar um lífríki Arnarfjarðar t.d. hvort að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu hrygningar- eða uppeldisstöð annarra fiskitegunda eða rækju.

## Önnur starfsemi

Fram kemur í greinargerð að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafi gefið út starfsleyfi til laxeldis til tveggja fyrirtækja sem hafa hug á að stunda laxeldi í Arnarfirði. Alls er um að ræða sjö staðsetningar en hvorugt þessara fyrirtækja hefur hafið rekstur. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur einnig gefið hnit til þorskeldis í Fossfirði. Nýskel ehf. er með kræklingarækt á tveimur stöðum við Haganes og í Fossfirði í nágrenni við fyrirhugaða starfsemi Arnarlax. Einnig þá hefur Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gefið út starfsleyfi fyrir Vesturskel ehf. og Hafkalk ehf. er með 6 staðsetningar í Fossfirði og við Haganes. Í Arnarfirði er kalkpörungasetri dælt upp úr firðinum á vegum Íslenska Kalkpörungafélagsins. Efnistökusvæðin eru fjögur: meðfram ströndinni frá Bíldudal inn í botn Fossfjarðar, í mynni Reykjafjarðar, fyrir botni Trostansfjarðar og meðfram ströndinni frá Steinanesi að Langanesi, út fyrir Langanesgrunn og inn með Langanesi inn að Laugabóli. Á Bíldudal eru gerðir út bátar sem stunda rækjuveiðar á veturnar og einnig eru stundaðar aðrar veiðar eins og á handfæri og línu í firðinum.

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi nánar um sammögnunaráhrif þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er í Arnarfirði. Sjávardýpi á eldissvæði í Fossfirði er 60-70 metrar. Þynningarsvæði í suðurfjörðum Arnarfjarðar er afmarkað af hrygg í miðjum firðinum og hrygg við mynni Borgarfjarðar. Ef öll þau leyfi sem gefin hafa verið nú þegar út til fiskeldis í firðinum verða nýtt ásamt fyrirhuguðu laxeldi Arnarlax sem er 3000 tonn og Fjarðalax sem áætlað 1500 tonn, þá er framleiðsla á svæðinu farin yfir burðargetu suðurfjarðanna en í greinargerð er gert ráð fyrir að framleiðslugeta í suðurfjörðum sé um 1800 tonn.

## Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun telur að óhjákvæmlegt sé að uppsöfnun lífræns efnis verði í botnseti vegna

fiskeldis. Afleiðingar lífrænnar mengunar frá fiskeldum hafa mest staðbundin áhrif en samlegðaráhrif mengunarinnar getur orðið vart í fjörðum þar sem eru fleiri en eitt fiskeldi ásamt frárennsli frá bæjarfélögum og mengun frá annarri starfssemi.

## Burðarþol

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það að í kynningarskýrslu vegna þorskeldis Arnarlax komi fram að Arnarfjörður sé síður viðkvæmur viðtaki samkvæmt reglugerð nr. 798/1999. Sú reglugerð á aðeins við um fráveitur og skólp og skilgreining viðtaka þarf samkvæmt 20. grein fyrrnefndar reglugerðar að vera send til Umhverfisstofnunar af viðkomandi sveitarfélagi til staðfestingar til þess að skilgreiningin öðlist vægi. Því liggur ekki fyrir staðfesting á því að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skilgreiningin á síður viðkvæmum viðtaka eigi við um fráveitur og skólp en ekki um fiskeldi. Stofnunin bendir á að eðlilegt er að höfð sé til hliðsjónar flokkun heilbrigðisnefnda á ástandi strandsjávar sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns frekar en skilgreining á viðkvæmum viðtaka.

Við flokkunarmat á burðarþoli Arnarfjarðar er stuðst við hið norska LENKA viðtakamat. Í greinargerð með tilkynningu um fiskeldið segir að suðurfirðirnir séu u.þ.b. 40 km<sup>2</sup> að flatarmáli innan við Bíldudalsvog og Langanes þar sem dýpi er meira en 50 metrar. Framleiðslugeta þess svæðis sé því um 1800 tonn. Arnarfjörður er með þröskuld í mynni fjarðarins þar sem dýpi hans er aðeins um 40 metrar og flokkast hann því sem B eða B3 í LENKA flokkunarkerfinu.

Í Borgarfirði innan við Tjaldanes og Langanes hefur verið reiknað út samkvæmt LENKA viðtakamati að framleiðslugetan sé um 1600 tonn.

Umhverfisstofnun telur ekki vera forsendur fyrir því að leggja saman framleiðslugetu í Borgarfirði og í suðurfjörðum þar sem um er að ræða tvö svæði sem afmarkast af stórum þröskuldum. Umhverfisstofnun telur því rétt að tala um það svæði sem afmarkast frá Bíldudalsvogi að Langanesi sem eitt þynningarsvæði.

## Dreifing á úrgangi

Fram kemur í greinargerð að fóðurstuðull í Noregi sé að jafnaði um 1,2 og að útskilnaður á fosfór sé að jafnaði um 10 kg á hvert framleitt tonn af fiski og köfnunarefni um 45 kg. Miðað við 3000 tonna framleiðslu má því reikna með að fiskeldið losi út í umhverfið um 135 tonn af köfnunarefni, 30 tonn af fosfór ásamt 600 tonnum af saur og fóðurleifum.

Straumhraði og dýpt undir sjókvíum skiptir máli varðandi dreifingu á úrgangi frá fiskeldum. Fram kemur í greinargerð að straumur í Arnarfirði er að jafnaði rúmir 3 cm/sek sem dreifir nokkuð vel úrgangi frá eldinu sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að fjörðurinn er djúpur. Í viðbótargögnum sem bárust seinna í málinu má sjá að mæling sem var framkvæmd við Baulhús sýnir að meðaltalsstraumur þar á tímabilinu, var 10,5 cm/sek.

Í greinargerð kemur einnig fram að fimm straumsjársnið hafi verið mæld í firðinum. Snið A lá þvert á fjörðinn úti fyrir Langanesi, en þó nokkru innar en fyrirhuguð eldisstaðsetning hjá Baulhúsum. Á sniði A mældist meðalstraumur 5-6 cm/sek. Snið B var á milli Steinaness og Otradals og mældist meðalstraumhraði þar á öllu sniðinu 3 cm/sek. Snið C var í þvert yfir mynni Fossfjarðar og sýna mælingar að aðfallið lá 4-5 cm/sek inn að vestanverðu í efstu 15 metrunum en þar fyrir neðan var óreglulegur straumur með hvirflum sem var að mestu út. Síðan mældist 4-7 cm/s straumur inn allt til botns. Ekki kemur fram í greinargerð hver var meðalstraumhraði sniðsins í mynni Fossfjarðar.

Umhverfisstofnun tekur undir það að aukin dýpt sjávar er heppilegri fyrir betri dreifingu úrgangsefna. Hinsvegar bendir stofnunin á að samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis

(BAT) er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/s. Í aðferðum um staðarval segir einnig að ekki skuli velja eldisstöðvum stað í þröskuldfjörðum sem hindra vatnsskipti, eða á svæðum þar sem straumur er lítill. Mælingar sem gerðar hafa verið við Baulhús benda til þess að straumhraði sé mun meiri utar í firðinum og í því tilliti hentar sú staðsetning mun betur til fiskeldis ef horft er til dreifingar úrgangsefna, en staðsetningarnar innar í firðinum.

### Fiskúrgangur

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að skemmt hráefni eða sýktur fiskur komi til með að fara á viðurkenndan urðunarstað. Unnið verði að því í samvinnu við Vesturbyggð að undirbúa umsókn fyrir urðunarstað fyrir lífrænan úrgang til framtíðar í nágrenni við laxeldið. Umhverfisstofnun bendir á að ekkert viðurkennt urðunarsvæði sé í dag í Vesturbyggð. Enginn förgunarstaður er á Ísafirði og á Bolungarvík er aðeins urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang og þar má því ekki urða fisk, hvorki sýktan né ósýktan. Ekki liggur því ljóst fyrir að mati stofnunarinnar hvernig skemmdu hráefni eða sýktum fisk komi til með að verða fargað. Einnig kemur fram í greinargerð að ef miðað sé við tölur frá Noregi þá skili sér ekki um 20% af þeim fiski sem fer í kviarnar, til slátrunar. Mestu afföllin séu snemma í eldisferlinu og ef reiknað er með að fiskar sem drepast séu að meðaltali um 250 g þá er hér um að ræða u.þ.b. 37 tonn af dauðum fiski á ári. Gert er ráð fyrir því að allur nýdauður fiskur verði malaður og settur í dýrafóður.

### Efnamengun

Ekki kemur fram í greinargerð hvaða varnir verði notaðar til að verjast ásætum á kvíunum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvaða aðferðum verði beitt í því tilliti og gerð sé grein fyrir því af hverju tiltekin aðferð sé notuð fram yfir aðrar.

Umhverfisstofnun bendir á að engin umfjöllun er í greinargerð framkvæmdaraðila um kadmíummengun í Arnarfirði en þekkt er að styrkur þungmálmsins er töluvert hár í firðinum og hefur mælst yfir hámarksgildum í kræklingasýnum sem þar hafa verið tekin. Umhverfisstofnun telur að æskilegt sé að fram komi upplýsingar um hugsanlega uppsöfnun þungmálmsins í eldislaxi sem fyrirhugað er að framleiða á svæðinu.

### Niðurstaða

Arnarlax íhugar að fara út 3000 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum á þremur stöðum í Arnarfirði. Áætlað er að staðsetja kviarnar í Fossfirði, við Haganes og utan við Baulhúsadal á Hlaðsbót. Arnarfjörður er dæmigerður þröskuldfjörður en fyrir mynni fjarðarins er þröskuldur eða grunn þar sem sjávardýpi er einungis um 40 metrar og skammt þar fyrir innan er dýpið meira en 100 metrar. Einnig liggja fjórir hryggir 20 til 40 metra háir þvert yfir fjörðinn. Dýpið innan við hryggina mælist allsstaðar meira en 100 metrar.

Umhverfisstofnun bendir á að meðalstraumhraði á fyrirhuguðu eldissvæðum sem liggja innan þröskuldsins í Arnarfirði sé 3,3 cm/sek við Langanes, 3,6 cm/sek fram undan Otradal og 3 cm/sek í mynni Reykjafjarðar. Mælingar út af Baulhúsum sýnir hins vegar mun meiri meðalstraumhraða eða 10,5 cm/sek.

Stofnunin bendir á að samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/sek. Í aðferðum um staðarval segir einnig að ekki skuli velja eldisstöðvum stað í þröskuldfjörðum sem hindra vatnsskipti, eða á svæðum þar sem straumur er lítill. Mælingar sem gerðar hafa verið við Baulhús benda til þess að straumhraði sé mun meiri utar í firðinum og í því tilliti hentar sú staðsetning mun betur til fiskeldis ef horft er til dreifingar úrgangsefna, en staðsetningarnar innar í firðinum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekkert viðurkennt urðunarsvæði sé í dag í Vesturbyggð. Enginn förgunarstaður er á Ísafirði og á Bolungarvík er aðeins urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang og þar má því ekki urða fisk, hvorki sýktan né ósýktan. Ekki liggur því ljóst fyrir að mati stofnunarinnar hvemig skemmdu hráefni eða sýktum fisk komi til með að verða fargað.

Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur ekki fram hvaða varnir verði notaðar til að verjast ásætum á sjókvíum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvaða aðferðum verði beitt í því tilliti og gerð sé grein fyrir því af hverju tiltekin aðferð sé notuð fram yfir aðrar ásamt því að farið sé yfir hugsanleg umhverfisáhrif aðferðanna.


Arnarlax segir í skýrslu að framleiðsla verði byggð upp á kynslóðaskiptu módeli og er hver árgangur af seiðum settur út að stærstum hluta út um vorið. Þegar rekstur er kominn í fullan gang verður fiskur yfirleitt á tveimur stöðum og eitt svæði er í hvíld. Umhverfisstofnun bendir á að áætluð framleiðslugeta svæðisins innan við Bíldudalsvog sé metin um 1800 tonn í LENKA viðtakamati.

Stofnunin telur að ekki sé hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að mörgum starfsleyfum hefur verið úthlutað nú þegar innan þessa tiltekna svæðis í Arnarfirði og að aðrir aðilar en Arnarlax hafa á áætlun að vera með sjóeldiskvíar á svipuðum slóðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horfa til sammögnunaráhrifa allrar núverandi og fyrirhugaðrar starfsemi á svæðinu þegar horft er til þeirra umhverfisáhrifa sem starfsemin getur komið til með að valda. Umhverfisstofnun telur ljóst að 3000 tonna framleiðsla Arnarlax innan við þröskuldinn á milli Bíldudalsvogs og Langaness fari yfir burðargetu svæðisins og telur stofnunin að innan þess svæðis eigi ekki að framleiða meira en burðargeta svæðisins segir til um. Stofnunin telur einnig nauðsyn á heildstæðri úttekt á álagi fjarðarins, enda sækjast margir hagsmunaaðilar eftir nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem þar er að finna og því mikilvægt að tryggt sé að ekki sé farið yfir þolmörk þess sem tiltekin svæði innan fjarðarins geta borið. Ísland hefur skuldbundið sig til að hafa hugmyndafræði sjálfbærar þróunar að leiðarljósi. Á alþjóðlegum vettvangi er nú lögð aukin áhersla á stjórnun strandsvæða sem sjá má af fjölda sáttmála auk svæðisbundnum og alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála, þar sem aukna áherslu er að finna á mikilvægi heildrænnar stjórnunar strandsvæða. Í dag er starfandi nefnd sem skipuð var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 27. september 2010 sem á að framkvæma úttekt á þeim lögum og reglum sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsöggunni, meta þörf fyrir skýrari reglur þar um og hvort ástæða sé til þess að setja löggjöf um skipulag strandsvæða.

Að framansögðu þá telur Umhverfisstofnun að 3000 tonna framleiðsla á laxi í Arnarfirði komi til með að skapa töluvert álag á vistkerfi fjarðarins auk þess sem mikil óvissa ríki um aðra fyrirhugaða starfsemi í firðinum. Umhverfisstofnun telur einnig að þar sem meðalstraumhraði innarlega í Arnarfirði er tiltölulega hægur og fjörðurinn afmarkast af djúpum þröskuldum sem geti haft takmarkandi áhrif á endurnýjun vatns, auk þess sem útreiknuð burðargeta suðurfjarðanna út frá LENKA viðtakamati sé aðeins 1800 tonn, þá séu líkur á því að framkvæmdin, eins og henni er lýst í greinargerð með erindinu, kunni að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum samkvæmt 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000.

Virðingarfyllst

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir